

ÁKLASINN



Ársreikningur 2025

Ákklasin 521015-0120

alklasinn@taeknisetur.is

www.alklasinn.is

+354 867 1898

Keldnaholt 8, 112 Reykjavík,

EFNISYFIRLIT

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdarstjóra _____	1
Almennt _____	1
Stjórn Ákklasans _____	1
Fjárhagsleg staða _____	2
Það helsta á starfsári 2025 _____	2
Framundan _____	3
Rekstrarreikningur _____	4
Efnahagsreikningur _____	5
Sjóðstreymi _____	6
Áritun óháðs skoðunarmanns _____	7

SKÝRSLA OG ÁRITUN STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDARSTJÓRA

Almennt

Árið 2025 var ellefta starfsár Álklasans. Aðalfundur fyrir starfsár 2025 var haldinn 28. maí. Stjórn Álklasans tók smávægilegum breytingum. Bjarni Már Gylfason tók við af Arthuri Guðmundssyni sem fulltrúi Rio Tinto Á Íslandi í stjórn klasans. Á starfsári 2025 voru 33 fyrirtæki, stofnanir og álsprotar í Álklasanum. Á meðal klasameðlima eru verkfræðistofur, vélsmiðjur, tæknifyrirtæki, málmsteypur, verktakafyrirtæki, fjármálastofnanir, rannsókn- og menntastofnanir, kísilver og álver. Þá er klasinn með svokallaða álsprotu aðild fyrir sprotafyrirtæki í greininni. Samþykktir og siðareglur Álklasans auk fyrri ársreikninga má nálgast á vefsíðu klasans, www.alklasinn.is.

Stjórn Álklasans

Stjórn Álklasans var skipuð eftirfarandi aðilum á starfsárinu:

Formaður: Guðrún Arnbjörg Sævarsdóttir, Háskólanum í Reykjavík

Varaformaður: Guðríður Eldey Arnardóttir, Samál

Aðrir stjórnarmenn:

María Kristmundsdóttir (Alcoa Fjarðaál), Skúli Björn Jónsson (Efla verkfræðistofa), Brynja Silness (Alur), Gunnar Sverrir Gunnarsson (Cowi), Finnur Marinó Flosason (Norðurál), Bjarni Már Gylfason (Rio Tinto á Íslandi), Andri Ísak Þórhallsson (Háskóli Íslands) og Hannibal Ólafsson (Verkís).

Framkvæmdarstjóri Álklasans er Dagur Ingi Ólafsson

Fjárhagsleg staða

Fjárhagsleg staða Álklasans hefur versnað á starfsárinu. Erfitt rekstrarumhverfi kísilvera og breytingar á ytri aðstæðum hafa skilað sér í fækkun klasameðlima og niðurfærslu viðskiptakrafna. Þetta hefur leitt af sér halla í rekstri á starfsárinu. Aukin umsvif klasans með verkefnum eins og stefnumótun og Kanadaferð höfðu einnig áhrif á afkomu starfsársins. Útlit er þó fyrir því að jafnvægi náist í rekstri með lækkun útgjalda á næsta starfsári.

Það helsta á starfsári 2025

Verkefni klasans á árinu 2025 voru margvísleg. Snemma á árinu var unnið úr stefnumótun Álklasans sem hafði átt sér stað í nóvember 2024. Markmið klasans og stefna til 2030 voru sett fram á bæklingsformi sem dreift var út til klasameðlima og áhugasamra. Fyrsti stóri viðburður ársins var Nýsköpunarmót Álklasans sem haldið var 13. mars í Háskólanum í Reykjavík. Fyrsti flytjandi var hinn franski Michel Reverdy, tæknistjóri hjá Emirates Global Aluminum, en hann fræddi gesti meðal annars um sögu áliðnaðarins í Frakklandi. Meðfram þessum verkefnum fór fram skráning og áframhaldandi skipulagning á Kanadaferð Álklasans, sem var hápunktur verkefna ársins. Í ferðina fóru 20 manns frá ýmsum fyrirtækjum og stofnunum í Álklasanum, eins og álverunum, verkfræðistofum, frumkvöðlafyrirtækjum og þjónustuaðilum. Um var að ræða fimm daga ferð með þéttri dagskrá. Afar vel var tekið á móti íslensku sendinefndinni og greinilegt er að kanadískur áliðnaður er farinn að horfa meira austur til Evrópu. Íslenska ál-sendinefndinn heimsótti tvö álver, Rio Tinto Alma og Alcoa Deschambault, Laval háskóla ásamt fjölda fyrirtækja og tvær rannsóknarstofnanir. Í nóvember áttu svo fulltrúar klasans fund með Menningar- Nýsköpunar- og Háskólaráðuneytis með það að markmiði að koma á fót rannsóknar- og þróunarsjóði í ál- og kísiliðnaði fjármögnuðum af losunargjöldum. Undir lok starfsárs fór svo fram hið árlega Jólakakó, með kökum, heitu súkkulaði, þeyttum rjóma og áhugaverðum erindum.

Framundan

Aukinn kraft má finna í sprotum klasans, sem sækja meira á erlend mið en áður. Alinsa, DTE, SnerpaPower og Ísar eru öll annað hvort búin að sækja sér erlenda viðskiptavinum eða eru að vinna hörðum höndum að því markmikið. Rannsóknarvinna Arctus Aluminium og Álvit er í fullum farvegi, en ekki verður hægt að leysa öll heimsins vandamál á einum degi. Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið hefur sett um 500 milljónir í sérstakan losunarsjóð, sem deila á fjármagni til verkefna sem lækka eða útrýma losun. Sjóðurinn er fjármagnaður með losunargjöldum og er það von klasans að hann verði nýttur til góðra verka hjá klasameðlimum.

Innviðaupbygging afburðarseturs í áltengdum rannsóknum heldur áfram með styrkjum frá innviðasjóði, en Tæknisetur, Háskóli Íslands og Háskólinn í Reykjavík fengu frekari úthlutun til uppbyggingar efnisfræði og efnisverkfræðisetsurs vorið 2026.

Ýmislegt er á döfinni hjá klasanum, sem á von á heimsóknum frá Kanada fljótlega á starfsárinu, en unnið er að skipulagningu fyrirtækjaferðar frá Saguenay í Québec til þess að kynnast íslenskum ál- og kísiliðnaði betur og styrkja böndin milli landa. Seinna á starfsárinu er svo fyrirhugað að fara í haustferð til Grundartanga að heimsækja Norðurál, Elkem og Al Álvinnslu.

Reykjavík 15.5.2026

Framkvæmdarstjóri: 

Stjórn:  

 









REKSTRARREIKNINGUR

Rekstrarreikningur ársins 2025

	2025	2024
Rekstrartekjur		
Árgjald Álklasans.....	7.692.000	8.038.000
Árgjald Álklasans vegna stjórnarsetu.....	980.000	882.000
Styrkir frá stofnunum og fyrirtækjum.....	690.000	1.165.000
Vaxtatekjur.....	4.675	35.060
Rekstrartekjur alls	9.366.675	10.120.060
Rekstrargjöld		
Fundir og mannfagnaðir.....	63.081	18.229
Ferðakostnaður.....	478.297	350.700
Sími og internet.....	0	161.912
Sérfræðipjónusta.....	9.374.399	9.214.947
Bókhald og skoðunarmenn.....	65.100	0
Annar kostnaður.....	144.207	9.813
Hvatningarverðlaun.....	600.000	484.140
Afskrifaðar viðskiptakröfur.....	1.025.000	0
Rekstrargjöld alls	11.750.084	10.239.741
Niðurfærsla viðskiptakrafna.....	0	0
Rekstrarafkoma ársins	(2.383.409)	(119.681)

EFNAHAGSREIKNINGUR

Eignir	31.12.2025	31.12.2024
Veltufjármunir		
Viðskiptakröfur.....	2.433.000	4.485.000
Handbært fé.....	4.332.572	2.467.296
Veltufjármunir	<u>6.765.572</u>	<u>6.952.296</u>
Eignir samtals	<u>6.765.572</u>	<u>6.952.296</u>
Eigið fé og skuldir		
Eigið fé		
Eigið fé.....	2.372.201	4.755.611
	<u>2.372.201</u>	<u>4.755.611</u>
Skammtímaskuldir		
Ógreiddur kostnaður.....	4.393.371	2.196.686
	<u>4.393.371</u>	<u>2.196.686</u>
	<u>6.765.572</u>	<u>6.952.297</u>

SJÓÐSTREYMI

	2025	2024
Rekstrarhreyfingar		
Rekstraafkoma ársins.....	<u>(2.383.409)</u>	<u>(119.681)</u>
	(2.383.409)	(119.681)
Breytingar á rekstartengdum eignum/skuldum		
Skammtímakröfur (hækkun) lækkun.....	2.052.000	(2.553.000)
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun).....	2.196.685	64.131
Breytingar á rekstartengdm eignum og skuldum	<u>4.248.685</u>	<u>(2.488.869)</u>
Handbært fé frá rekstri	1.865.276	(2.608.550)
Breyting á handbæru fé.....	1.865.276	(2.608.550)
Handbært fé í ársbyrjun.....	<u>2.467.296</u>	<u>5.075.846</u>
Handbært fé í árslok.....	<u><u>4.332.572</u></u>	<u><u>2.467.296</u></u>

ÁRITUN ÓHÁÐS SKOÐUNARMANNS

Ég undirritaður, skoðunarmaður Álklasans félagasamtaka kt. 521015-0120, hef farið yfir reikninga félagsins fyrir árið 2025.

Ég hef fullvissað mig um að bankareikningur stemmir og skoðað fylgigögn með bókhaldinu.

Það er álit mitt að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu og afkomu félagsins 31.12.2025.



Eyjólfur Þór Guðlaugsson

Bókari

Kt. 290759-7819